

1126. stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 8. apríl 2015, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Ólafía Björk Rafnsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Benóný Valur Jakobsson, Birgir Már Guðmundsson, Dóra Magnúsdóttir, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Páll Örn Líndal, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1125. stjórnarfundar VR lögð fram til samþykktar

Ólafía Björk lagði fram fundargerð 1125. stjórnarfundar til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana. Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

Stjórn skiptir með sér verkum

Ólafía Björk hóf mál með því að spyrjast fyrir um hvort einhver hefði hug á að bjóða sig fram í embætti varaformanns VR.

Bjarni Þór gaf kost á sér.

Þar sem enginn annar gaf kost á sér í embætti varaformanns VR er Bjarni Þór Sigurðsson sjálfkjörinn sem varaformaður VR starfsárið 2015 – 2016. Var því fagnað með lófataki.

Þá spurði hún hvort einhver hefði hug á að bjóða sig fram í embætti ritara stjórnar VR.

Sigurður gaf kost á sér.
Benóný Valur gaf kost á sér.

Ólafía Björk bauð þá þeim Sigurði og Benóný Val að segja nokkur orð um ástæðu þess að þeir bjóði sig fram áður en að leynileg atkvæðagreiðsla um skipan embættisins færi fram.

Þá fór næst fram leynileg atkvæðagreiðsla sem fór þannig:

Benóný Valur Jakobsson:	8 atkvæði
Sigurður Sigfússon:	6 atkvæði
Auðir seðlar:	1

Benóný Valur Jakobsson telst því rétt kjörinn ritari stjórnar VR fyrir starfsárið 2015 – 2016 og var kjöri hans fagnað með lófataki.

2. Tillaga að nefndum á vegum VR

Ólafía Björk lagði fram skjalið „*Minnisblað – Tillaga formanns í nefndir VR fyrir starfsárið 2015 – 2016*“ dags. 08.04 2015 og fór yfir efni þess á skjávarpa. Sagði hún að nefndaskipan væri að mestu óbreytt frá fyrra starfsári þótt örlitlar breytingar væru og nýjar nefndir stofnaðar. Fór hún nú yfir tillögu að hverri nefnd fyrir sig og kallaði eftir athugasemdum. Nokkrar athugasemdir komu fram og voru þær samþykktar og er samþykkt nefndaskipan því eftirfarandi:

Frankvæmdastjórn Orlofssjóðs

Sigurður Sigfússon
Harpa Sævarsdóttir
Helga Ingólfssdóttir
Bjarni Þór Sigurðsson
Ragnar Þór Ingólfsson

Varamaður
Benedikt Vilhjálmsson

Frankvæmdastjórn Sjúkrasjóðs

Rannveig Sigurðardóttir
Páll Örn Líndal
Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir
Benóný Valur Jakobsson
Birgir Már Guðmundsson

Varamenn
Dóra Magnúsdóttir
Ólafur Reimar Gunnarsson
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir

Starfsmenntanefnd

Ingibjörg Ósk Birgisdóttir
Svanhildur Þórsteinsdóttir
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir
Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir
Ólafur Reimar Gunnarsson
Eyrún Ingadóttir (Trúnaðarráð)

Varamenn
Páll Örn Líndal
Birgir Már Guðmundsson

Laganefnd

Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir
Sigurður Sigfússon
Rannveig Sigurðardóttir

Varamenn

*Harpa Sævarsdóttir
Ólafur Reimar Gunnarsson*

Launanefnd

Bjarni Þór Sigurðsson
Birgir Már Guðmundsson
Harpa Sævarsdóttir

Vinnudeilusjóður

Páll Örn Líndal
Dóra Magnúsdóttir
Harpa Sævarsdóttir

Varamaður

Ragnar Þór Ingólfsson

Jafnréttisnefnd

Helga Ingólfssdóttir
Bjarni Þór Sigurðsson
Svanhildur Þórsteinsdóttir

Varamaður

Sigmundur Halldórsson

Verkfallsnefnd VR og LÍV

Benóný Valur Jakobsson
Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir
Sigurður Sigfússon
Eiður Stefánsson, LÍV
Gils Einarsson, LÍV

Að þessu loknu ræddi Ólafía Björk um hlutverk nefnda og nauðsyn þess að hlutverk hvernar nefndar væri skýrt og skilgreint. Þá ræddi hún líka fyrirhugaða stofnun s.k. „öldungaráðs“ VR sem rætt hefur verið um. Loks sagði hún frá því að húsnaðisnefnd yrði stillt upp síðar.

Umræður.

3. Staðan á kjaraviðræðunum

Ólafía Björk fór yfir stöðuna. Sagði hún m.a. frá því að BHM hafi átt mjög stuttan samningafund í dag en ljóst sé að um 3300 félagsmenn þeirra hefji

verkföll frá og með morgundeginum.

Við eigum sjálf að halda áfram á sömu braut og við höfum farið, reynum að átta okkur á því hvar við getum beitt okkur og fundum áfram um sérkjaramálin. Ljóst er að átakspunktur verður þann 10. maí n.k. og að verkföll verði skoðuð eftir það.

Svo virðist sem BHM sé að tala um allt að 49% kauphækkunarkröfu en það breyti ekki því að við höldum samt áfram með óbreytta okkar kröfugerð og verkfallsnefndin hefur nú störf. Vonandi kemur þó ekki til átaka hjá okkur.

Umræður.

4. Fjárfestingastefna VR

Stefán lagði nú fram skjalið „*Fjárfestingastefna eignastýringarsafna VR*“ og fór yfir efni þess á skjávarpa. Sagði hann m.a. frá því að við séum núna í útboði og verið sé að vinna útboðsgögn. Hugmyndin er sú að skipta þessu jafnt á þrjá aðila í stað fimm áður. Þetta skjal skýrir betur og ítarlegar áður samþykktu fjárfestingastefnu án þess að nokkuð sé verið að breyta tölum og er þetta því ekki breyting á stefnunni sjálfri. Þarna segir hvaða viðmiðanir eigi að nota við hvern flokk og nánari lýsingar og takmarkanir á flokkum að auki. Þetta er að nokkru byggt á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Umræður.

Ekki voru gerðar athugasemdir við þessar viðbótarskýringar og teljast þær því nú hluti af áður samþykktu fjárfestingastefnu.

5. Úrskurðarnefnd VR

Ólafía Björk lagði fram skjölin „*Drög að reglum fyrir Úrskurðarnefnd VR*“ og „*Reglur Úrskurðarnefndar VR*“ sem hún sagði að hefðu verið sett inn á gagnavef stjórnar. Biður hún stjórnarmenn um að kynna sér efni þetta og verður það svo tekið fyrir á næsta fundi. Í þessu sambandi sagði hún að henni þætti rétt að stjórnarmaður eigi sæti í nefndinni og að sennilega væri heppilegast að það væri hún sjálf svo mögulegt sé að bregðast hratt við erindum til nefndarinnar eins og verið hefur fram að þessu.

Umræður.

Umræður.

Fundi var slitið kl. 8:35
Árni Leósson, fundarritari